

um sjónvarpsmál.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að stöðva fyrst um sinn, á meðan unnið er að álitsgerð og áætlun samkv. 2. og 3. tölul., sölu sjónvarpsviðtækja í landinu.

2. Að láta, í samráði við fræðslumálastjórnina, samtök kennara og sálfræðinga, Háskóla Íslands, þjóðkirkjuna og Bandalag íslenzkra listamanna, semja og birta opinberlega álitsgerð um menningarleg áhrif sjónvarps, með hliðsjón af reynslu annarra þjóða.

3. Að láta endurskoða framkvæmdáætlun útvarpsráðs um sjónvarpskerfi, sem allir landsmenn geti haft afnot af á heimilum sínum, þ. á m. um stofn- og rekstrar-kostnað sjónvarpsstöðva, eða sjónvarpsstöðvar, og sjónvarpsnotenda.

Greinargerð.

Vegna stækkunar hinnar útlendu sjónvarpsstöðvar á Keflavíkurflugvelli hefur sjónvarpstækjum við sunnanverðan Faxaflóa fjölgað mjög í seinni tíð, enda hefur engin hindrun verið á sölu þessara tækja og þau meira að segja verið seld á vegum ríkisins. Hér er lagt til, að þessi sala sjónvarpstækja verði stöðvuð. Sú stöðvun er á valdi ríkisstjórnarinnar, þar sem sjónvarpstæki teljast einkasöluvara. Mundi sjónvarpseigendum þá ekki fjölga í bili umfram það, sem nú er.

Ýmsir hafa nú áhuga á því að koma upp íslenzku sjónvarpi, — og sumir vilja, að því verði hraðað sem allra mest. Þeir álíta, að stofnun íslenzks sjónvarps mundi draga úr notkun útlenda sjónvarpsins og vera tákni íslenzks sjálfstæðis á því sviði. Sú skoðun er þó einnig uppi, að sjónvarp, hvort sem það er rekið af innlendri eða útlendri stofnun, sé vafasamur menningarauki og að íslenzkt sjónvarp verði svo dýrt, bæði fyrir notendur og hið opinbera, að önnur aðkallandi verkefni eigi að sitja fyrir. Gert er ráð fyrir, að íslenzkt sjónvarp, þótt komið yrði á fót, yrði fyrst um sinn aðeins fyrir takmarkaðan hluta af landsbyggðinni og mundi þá enn auka aðstöðumun, sem þegar er of mikill. Þá er því nú haldið fram af fróðum mönnum, að ný sjónvarpstækni muni innan skamms gerbreyta viðhorfi á þessu sviði og ekki sé ástæða til að leggja fram stórfé úr vasa almennings og hins opinbera til þess að eignast sjónvarpskerfi, sem fljótlega yrði úrelt.

Æskilegt er, að fengnir verði hinir færustu menn á sviði menningarmála til að gera álitsgerð um þetta efni. Jafnframt þarf þjóðin að fá sem allra áreiðanlegastar upplýsingar um tæknilega möguleika til sjónvarps, er allir landsmenn geti fengið afnot af samtímis, og stofnkostnað og rekstrarkostnað í sambandi við væntanlegt sjónvarp. Bráðabirgðaáætlanir um þetta efni hafa nýlega verið birtar, en rétt er að endurskoða þær áætlanir.

Sextíu þjóðkunnir menn hafa nýlega flutt Alþingi erindi um þessi mál. Með hliðsjón af efni þessa ávarps og ýmsu öðru, sem fram hefur komið opinberlega um sjónvarpsmál í seinni tíð, er tillagan flutt.

Um réttmæti ýmissa skoðana, sem getið hefur verið, skal ekki rætt hér. En sjónvarpsmálið er, eins og sakir standa, viðkvæmt ágreiningsmál hér á landi. Virðist nú fara bezt á því að gera þá bráðabirgðaráðstöfun, sem hér er um að ræða, til að hindra frekari útbreiðslu útlenda sjónvarpsins, en gefa þjóðinni jafnframt með því ráðrúm til að kynna þau sjónarmið og ræða, sem fram hafa komið í sjónvarpsmálum almennt. Til þess þarf tíma, en almenningur í byggðum landsins, sem hefur reynslu í því að bíða eftir nauðsynlegum framkvæmdum, mun ekki telja þeim tíma illa varið.

Út af fyrir sig verður það að teljast varhugavert að flytja inn í landið, eins og nú á sér stað, þá gerð sjónvarpsviðtækja, sem ætla má, að ekki yrðu nothæf til viðtöku á sjónvarpi íslenzkrar stöðvar, ef til kemur. Talið er að vísu, að hægt sé að breyta tækjunum þannig, að þau verði nothæf fyrir íslenzkt sjónvarp. En einhvern kostnað mundu menn af því hafa auk fyrirhafnar, og er þá a. m. k. hugsanlegt, að ýmsir létu það ógert og héldu sig við útlenda sjónvarpið, ef það verður þá enn til staðar. Einnig af þessari ástæðu fer bezt á því, að sjónvarpsviðtækjum hér á landi fjölgi ekki í bili umfram það, sem orðið er.